

**Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar
vegna
kvörtunar Og fjarskipta hf. um mismunun af hálfu Landssíma Íslands hf.
varðandi aðgang að tengigrind í Árbæ**

**I.
Erindið**

Með bréfi til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 6. maí 2004, kvartaði Og fjarskipti hf. (hér eftir Vodafone) yfir mismunun af hálfu Landssíma Íslands hf. (hér eftir Síminn) varðandi aðgang að tengigrind í Árbæjarstöð. Í bréfinu segir Vodafone að með tölvupósti þann 22. nóvember 2002, til Fjarskiptasamstarfs Símans, hafi verið óskað eftir tengingu á 500 línur í Árbæjarstöð. Þessar tengingar hafi ekki fengist afgreiddar og eftir margvísleg samskipti hafi beiðnin verið endurnýjuð hinn 30. maí 2003. Þá segir að bæði upphafleg beiðni og endurnýjuð beiðni hafi verið móttæknar samkvæmt staðfestingu frá Fjarskiptasamstarfi Símans. Hinn 3. september 2003 svaraði Fjarskiptasamstarf að tengigrind í Árbæjarstöð væri full og rýmisleysi í símstöð hamlaði stækkun.

Þann 29. september 2003 segist Vodafone hafa sent Símanum kvörtun vegna mismunar um aðgang að tengigrind í Árbæjarstöð. Hinn 27. nóvember 2003 hafi þeir sent fyrirspurn um afgreiðslu málsins sem var ítrekuð 5. og 19. janúar 2004. Hinn 22. janúar 2004 hafi Fjarskiptasamstarf Símans boðið 150 línur og hafi því boði verið tekið af hálfu Vodafone.

Vodafone telur að afgreiðsla Símans á framangreindri beiðni hafi dregist í eitt og hálf ár, en á sama tíma hafi verið vandalaust fyrir Símann að afgreiða nýjar tengingar til eigin deilda og ekki væri vitað betur en að Síminn hafi getað afgreitt heimasíma án nokkurra vandkvæða.

Í bréfi sínu segir Vodafone hafa þær fregnir frá Símanum að þeir hyggðust stækka símstöðina í Árbæ í sumar og til álita komi að Vodafone fái tengingar í tengigrind næsta haust.

Að mati Vodafone er framangreind afgreiðsla Símans brot á skyldum hans til að gæta jafnræðis milli eigin deilda og þriðja aðila, í þessu tilviki Vodafone. Jafnframt telur Vodafone að Síminn geti ekki borið fyrir sig rýmisleysi í stöð og réttlætt þannig þann drátt sem orðið hefur á afgreiðslu pantana frá Vodafone.

**II.
Málsmeðferð
1.**

Póst- og fjarskiptastofnun sendi Símanum framangreinda kvörtun og óskað umsagnar með bréfi, dags. 6. maí 2004, og var frestur veittur til 20. maí 2004. Síminn óskaði eftir að fá lengri frest með tölvupósti, dags. 21. maí, og var hann veittur. Umsögn Símans barst Póst- og fjarskiptastofnun með bréfi, dags. 28. maí 2004. Í umsögn Símans kemur fram að almennt hafi símstöðvar Símans ekki verið hannaðar með hliðsjón af því að þar væri ætlunin að bjóða upp á hýsingu búnaðar, eða tengingar á tengigrind fyrir gagnaflutning ótiltekins fjölda óskildra aðila. Með tilkomu nýrra aðila

á fjarskiptamarkaði og reglum um aðgang að heimitaugum fastlínukerfisins, hafi skapast vandamál með rými í símsstöðvum Símans.

Síminn segir að varðandi tengigrindina í Árbæ þá væri hún fulltengd og hefði verið svo allt frá því síðla árs 2002. Síminn segist hafa leitað leiða til að stækka tengigrindina og m.a. kannað hvort gerlegt væri að skipta út tengigrindinni fyrir aðra grind með þéttari tengingum, sem rúmað gæti meira. Nánari könnun á þeim möguleika hafi sýnt að kostnaður yrði of mikill til að verjandi væri að fara í þá framkvæmd. Annar möguleiki hafi verið sá að leita eftir heimild til stækkunar hússins og hafi það verið gert skv. þeim reglum sem um það gilda. Framkvæmdir væru nú í undirbúningi og þess vænst að stækkun hússins ljúki í september 2004.

Síminn segir í umsögn sinni að jafnframt hafi verið reynt að leysa tímabundið úr hluta af tengiþörfinni með útskiptingum og samþjöppun tenginga á tengigrindinni og aftengingu tengilista fyrir búnað og strengi sem væru tengdir á grindina. Með þeim hætti og mikilli vinnu hafi verið hægt að skapa nokkurt tengirými til bráðabirgða fyrir þá sem beðið hafa. Síminn segir þetta bráðabirgðaaðgerðir sem tengja þurfi strax til baka þegar varanlegri lausn fáist. Síminn segir að samtals hafi Vodafone fengið afgreitt tengirými fyrir 410 línur á tengigrind Árbæjarstöðar frá 22. nóvember 2002, þrátt fyrir vandkvæði með rými.

Síminn gerir athugasemdir við staðhæfingu Vodafone varðandi skiptingu 500 lína tengirýmis milli aðila þann 22. janúar 2004. Hið rétta sé að Gagnasvið Símans hafi fengið tengirými fyrir 200 línur en ekki 400.

Vegna athugasemda Vodafone um að hægt hafi verið að úthluta heimilissímum úr Árbæjarstöð, þá segir Síminn að ekki hafi verið skortur á lausum stöðvartengingum undanfarin misseri, m.a. vegna samkeppni frá nýjum aðilum, þannig að nóg uppsett símsstöðvarefni hafi verið til staðar.

Síminn krefst þess, að kröfum Vodafone verði hafnað. Jafnframt fer Síminn þess á leit að PFS mæli fyrir um, á grundvelli 3. mgr. 25. gr. fjarskiptalaga, að Vodafone taki þátt í kostnaði við þá stækkun sem fram undan er á símsstöðinni í Árbæ.

Síminn segist hafa reynt að miðla rými eftir föngum með útskiptingum og samþjöppun tenginga og aftengingu tengilista fyrir búnað og strengi sem voru tengdir á grindina. Ekki hafi verið rúkað fyrir þá vinnu sem lögð hafi verið í þessar bráðabirgðastækkunarir. Ekki verði heldur séð að Símanum hafi borið nein skylda til að aftengja og síðan endurtengja eigin strengi og búnað með ænum kostnaði til að leysa umrædda viðbótartengiþörf á fullútbyggðum og fulltengdum tengigrindum, þó það hafi verið gert í þessu tilviki.

Varðandi aðgang að netum og þjónustu vísar Síminn í 28. gr. fjarskiptalaga, en þar er sérstaklega tekið fram að PFS geti mælt fyrir um að félag með umtalsverða markaðshlutdeild (FUM) verði við sanngjörnum og eðlilegum beiðnum um opinn aðgang. Að mati Símans felst í ákvæðinu tvenns konar fyrirvari. Annars vegar þurfi beiðnir að vera sanngjarnar og eðlilegar. Við sanngirnismatið hljóti að skipta máli að tengigrindin í Árbæ sé fyrir löngu fulltengd, verið sé að leita varanlegra lausna og í millitíðinni hafi verið notast við skammtímalausn sem sé Símanum íþyngjandi. Hins vegar hljóti fyrirvarinn að atriðum sem tiltekin séu í 3. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga,

m.a. í c.lið þar sem segi að taka skuli mið af hvort framkvæmanlegt sé að veita þann aðgang sem tillaga er um.

Síminn segir að á sama tíma og hann hafi lagt sig fram um að mæta þörfum keppinauta, kjósi Vodafone að troða illsakir með lítt rökstuddum fullyrðingum um brot á jafnræði. Slíkum fullyrðingum sé alfarið mótmælt sem röngum. Í fjarskipta- og samkeppnisrétti hafi jafnan verið viðurkennt að jafnræðishugtakið sé afstætt og ekki algilt. Í kvöð um jafnræði felist skylda til að mismuna ekki með því að bjóða ólíka skilmála í samskonar viðskiptum, sbr. til hliðsjónar d. liður 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Þá bendir Síminn á að fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild geti allt eins verið brotleg við það að bjóða sömu skilmála í ólíkum viðskiptum. Við matið skipti atriði eins og markaðshlutdeild og magn viðskipta augljóslega máli. Með vísan til þess sé fullkomlega eðlilegt að gagnasviði Símans hafi á ákveðnum tímamarki verið úthlutað 200 línur og keppinautum 300 línur, sem skiptust þannig að Vodafone fékk 150 línur og Firstmile 150 línur.

Síminn bendir á að það sé fráleitt sjálfgefið að fyrirtækið skuli eitt standa straum af stofnkostnaði við þá stækkun á húsnæði sem framundan er. Þvert á móti megi færa fyrir því rök að keppinautar taki á sig mestan part fjárfestingarinnar þar sem eina ástæðan fyrir stækkuninni sé sú þörf sem skapaðist með tilkomu samkeppninnar. Síminn hefði að öllu jöfnu ekki lagt út í þessa stækkun nema vegna þarfa keppinautanna. Síminn ætlar að leggja fram tillögu að kostnaðarskiptingu á síðari stigum. Krafan um kostnaðarskiptingu byggir á 3. mgr. 25. gr. fjarskiptalaga, en auk þess telur Síminn að komin sé venja fyrir þátttöku annarra fjarskiptafyrirtækja í tilvikum sem þessum.

2.

Með bréfi, dags. 28. maí 2004, var Vodafone gefinn kostur á að skila inn athugasemdum við bréf Símans og var frestur til 11. júní. Í sama bréfi var aðilum jafnframt tilkynnt að PFS hygðist fara á vettvang og skoða aðstæður í Árbæjarstöðinni.

Þann 4. júní 2004, fóru fulltrúar PFS með aðilum og skoðuðu aðstæður í Árbæjarstöð. Fulltrúar Símans lýstu aðstæðum í stöðinni og Vodafone gerði grein fyrir þeirri lausn sem fyrirtækið telur að bætt geti úr núverandi ástandi.

Með bréfi, dags. 8. júní 2004, óskaði PFS eftir svörum frá Símanum við nokkrum spurningum m.a. um hvenær hið formlega ferli hafi farið af stað um stækkun Árbæjarstöðvar og hvenær áætlað væri að framkvæmdum lyki. Svör bárust með tölvupósti þann 21. júní s.l. og kom m.a. fram að stefnt væri að verklokum um miðjan maí.

Þá var í bréfi, dags. 8. júní 2004, óskað eftir að Vodafone gerði skriflega grein fyrir þeirri tillögu að uppsetningu bráðabirgðatengigrindar sem kynnt hafði verið í heimsókn í Árbæjarstöð og barst hún PFS þann 16. júní s.l.

Þann 21. júní 2004 sendi PFS fyrirspurn til lögmanns Vodafone, þar sem vakin var athygli á að Vodafone hefði enn ekki skilað inn athugasemdum við umsögn Símans. Í framhaldi af því bárust athugasemdir Vodafone, með bréfi, dags. 24. júní 2004.

Vodafone segir að Síminn hafi viðurkennt að með nýjum reglum um aðgang að heimtaugum fastlínukerfisins hafi Símanum orðið skylt að veita þá aðstöðu sem farið er fram á. Samkvæmt því sé engin ágreiningur um skyldu Símans til að verða við beiðnum Vodafone. Hins vegar séu viðhorf Símans þau að félagið geti dregið það úr hömlu að veita aðstöðuna.

Vodafone bendir á að sótt hafi verið um heimid til að stækka umrætt hús en ekki komi fram hvenær. Telji Síminn að stækkuninni ljúki í september 2004. Hins vegar sé ekki ljóst hvenær félagið telji að unnt verði að veita umkrafinn aðgang.

Varðandi þá kröfu Símans um að Vodafone taki þátt í fjárfestingu við stækkunina sem framundan er á Símostöðinni í Árbæ þá telur Vodafone að um fordæmisúrskurð yrði að ræða, þess efnis að keppinautar Símans taki hér eftir þátt í öllum fjárfestingum sem Síminn leggur í, svo framarlega sem þær tengist með einhverjum hætti þjónustu sem Símanum sé skylt að veita keppinautum sínum. Að mati Vodafone myndi slíkt leiða til þess að keppinautar Símans yrðu meðeigendur Símans í nánast öllum fasteignum og búnaði Símans framvegis. Vodafone segir að Síminn hafi engan rétt til að innhenta hjá þeim endurgjald fyrir þann fjárfestingarkostnað sem vitnað er til. Símanum sé skylt að veita þá aðstöðu og þjónustu sem um er krafist og verða við sanngjörnum og eðlilegum beiðnum um opinn aðgang.

Að mati Vodafone er Símanum með öllu óheimilt að bera fyrir sig að tengigrindin í Árbæ hafi verið löngu fulltengd og það taki félagið mörg ár að leita varanlegra lausna. Símanum sé skylt að leysa málið fyrirvaralaust og sýnt hafi verið fram á að slíkt sé framkvæmanlegt. Þess utan hafi Síminn, eins og önnur fjarskiptafyrirtæki, gert áætlanir um framtíðarfjárfestingar, þar á meðal í búnaði, með hliðsjón af líklegri framtíðarþróun.

Þá segir Vodafone að umbeðin þjónusta eða aðgangur sé ómissandi aðstaða, sem ekki verði bætt úr með öðrum aðferðum eða leiðum. Dráttur af hálfu Símans verði ekki réttlættur á hlutlægan hátt með þeim fátæklegu skýringum sem Síminn hafi fært fram á drættinum. Með synjuninni hamli Síminn verulega samkeppni á umræddum sviðum til að auka við samkeppnisforskot sitt. Vodafone segist að sjálfsögðu reiðubúið til að greiða sanngjarnt verð fyrir þjónustuna, enda felist ekki neins konar mismunur í verðlagningu, þ.e. að Vodafone verði ekki krafist um annað og herra gjald en deildir Símans.

3.

Með bréfi, dags. 24. júní 2004, voru framangreindar athugasemdir Vodafone sendar til Símans, ásamt útfærslu Vodafone á stækkun tengigrindar í Árbæ, dags. 16. júní 2004, og var óskað eftir að Síminn skilaði inn umsögn um hvorutveggja fyrir 8. júlí 2004. Umsögn Símans barst þann dag. Í bréfinu hafnar Síminn því að Vodafone hafi beðið í 18 mánuði án úrlausnar og segir að þvert á móti með margvíslegum aðgerðum hafi verið leitast við að leysa úr umræddum óskum Vodafone, s.s. með að hafa frumkvæði að því að koma upp bráðabirgðaaðstöðu sem nú er til staðar í nágrennishýsingu í Árbæ. Þannig hafi Síminn ítrekað lagt sig fram um að greiða fyrir lausn mála langt umfram skyldur.

Þá segir Síminn ekki rétt að ekki hafi komið fram svar um hvenær vænta megi þess að stækkun hússins ljúki. Fram hafi komið að stækkun hússins ljúki í september n.k. og jafnframt í beinu framhaldi, strax og húsnæðið leyfir, verði farið í og lokið við stækkun tengigrindar, sem sé einungis fárra daga verk. Öll tilskilinn leyfi byggingaryfirvalda liggja nú fyrir og nú þegar hefur verið hafist handa við að grafa fyrir sökkli viðbyggingarinnar. Hafi Vodafone því ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá niðurstöðu um kröfu sína um uppsetningu bráðabirgðatengigrindar.

Síminn gerir margvíslegar athugasemdir við tillögu Vodafone um bráðabirgðatengigrind. Að mati Símans felur tillagan í sér að brjóta þurfi meginreglur um uppbyggingu tengigrinda, þar sem forðast sé að búa til vinkilgrindur vegna vandamála og óhagræðis við vírun þeirra. Auk þess verði ekki hægt að koma fyrir með bærilegum hætti hillum fyrir vírabúntin eða lykkjum til stýringar, sem nauðsynlegt sé að fylgi slíkri uppbyggingu nýrrar tengigrindar í Árbæjarstöð.

Þá sé í tillögum Vodafone talað um uppsetningu einnar tengiraðar fyrir fyrirtækið, en augljóst sé að aðrir aðilar sem eigi pantað rými á tengigrindinni gætu ekki sætt sig við slíka afgreiðslu. Í dag liggja fyrir pantanir bæði frá Firstmile og Símanum, auk Vodafone.

Þá telur Síminn að í tillögu Vodafone felist að fjarlægja þurfi aðstöðu ræstitækni, sem nú hafi sína aðstöðu þar sem Vodafone vilji setja nýja tengiröð við tengigrindina. Samkvæmt kjarasamningi og ákvæðum í reglum Vinnueftirlitsins um aðstöðu ræstingafólks, sé áskilið að lögð sé til vinnuaðstaða, sem stenst ákveðin lágmarksskilyrði. Um slíkt yrði ekki að ræða ef farið yrði að tillögu Vodafone.

Varðandi það að þátttaka Vodafone í fjárfestingum við stækkun á Árbæjarstöð kalli á fordæmisúrskurð, bendir Síminn á að nú þegar séu dæmi þess að Vodafone taki þátt í viðbótarkostnaði sem lagt er í vegna þarfa fyrirtækisins. Krafa Símans lúti að hliðstæðri þátttöku í stofnkostnaði, en feli að engu leyti í sér kröfu um að keppinautar verði meðeigendur að fasteignum eða öðrum búnaði.

III. Niðurstaða

Aðgangur að heimtaug

Að mati PFS kemur ákvæði 28. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, sem Síminn bendir á í umsögn sinni frá 28. maí s.l. ekki hér til álita, þar sem skilyrði fyrir því að beita megi 28. gr. er að markaðir hafi verið greindir, sbr. 17. gr. fjarskiptalaga, en slík markaðaðsgreining hefur ekki átt sér stað. Auk þess er í 34. gr. fjarskiptalaga sérákvæði um aðgang að heimtaug sem er sambærilegt við 20. gr. eldri fjarskiptalaga nr. 107/1999. Aðgangur fjarskiptafyrirtækja að heimtaugum fer eftir því ákvæði og þá með þeim takmörkunum sem hægt er að leiða af ákvæðinu. Þá hefur samgönguráðherra sett reglugerð um sundurgreindan aðgang að heimtaugum nr. 199/2002, sem innleiddi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um sundurgreindan aðgang að heimtaugum inn í íslenskan landsrétt.

Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga, skulu fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að

heimtaugum og aðstöðu er slíkum aðgangi tengist. Ljóst er af þessu orðalagi að réttur til aðgangs að heimtaug er ekki algildur. Í 2. mgr. eru talin upp þau tilvik sem réttlætt geta að beiðnum um aðgang sé hafnað en þar segir: “Beiðnum um aðgang að heimtaugum skal aðeins hafnað á grundvelli hlutlægra viðmiðana, nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði neta eða af tæknilegum ástæðum” . Sambærilegur texti á ensku hljóðar svo: “Requests shall only be refused on the basis of objective criteria, relating to technical feasibility or the need to maintain network integrity” Eins og fram kemur eru það einungis tæknilegar ástæður og heildstæði netsins sem leitt geta til þess að beiðnum um aðgang sé hafnað. Í því ljósi koma tæknilegar ástæður eingöngu til skoðunar í því máli sem hér er til úrlausnar. Að mati PFS falla þær ástæður, sem Síminn gefur upp sem ástæðu fyrir því að ekki sé hægt að verða við óskum Vodafone um uppbyggingu bráðabirgðatengigrindar ekki undir hugtakið tæknilegar ástæður í skilningi 34. gr. fjarskiptalaga, enda hefur Síminn ekki haldið því fram að það væri ekki tæknilega hægt, heldur aðeins bent á, að ýmis vandamál myndu skapast með uppsetningu bráðabirgðatengigrindar.

Samkvæmt gögnum málsins hefur Síminn leitast við að greiða úr þeim vanda sem skapast hefur í Árbæjarstöðinni með útskiptingu lína og fl. Hins vegar kemur fram í bréfi Símans að Árbæjarstöðin hafi þegar árið 2002 verið orðin fulltengd, en það er ekki fyrir enn í upphafi árs 2004, sem hið formlega ferli er sett af stað til að hægt sé að stækka stöðina í Árbæ. Verður að telja að Símanum hljóti að hafa verið ljóst miklu fyrir að það stefndi í óefni varðandi þann aðgang sem fyrirtækinu er skylt að veita samkvæmt fjarskiptalögum, sem fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild. Nú liggur hins vegar fyrir að lokið verður við að stækka Árbæjarstöð í september n.k. og uppsetningu tengigrindar verður einnig lokið í sama mánuði. Í framhaldi af því verður hægt að afgreiða þær pantanir sem nú liggja fyrir frá samkeppnisáðilum Símans sem og Gagnasviði Símans.

Krafa um jafnræði

Samkvæmt lokaml. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar um sundurgreindan aðgang að heimtaugum (EB) nr. 2887/2000, sbr. reglugerð 199/2002, skulu tilkynntir rekstraráðilar (FUM) veita rétt höfum sambærilegan búnað og væri um eigin þjónustu að ræða, eða þjónustu sem þeir veita systurfyrirtækjum sínum, með sömu skilyrðum og innan sömu tímamarka. Samkvæmt þessu ákvæði eiga talsíma- og gagnaflutningsþjónusta Vodafone að vera í sambærilegri stöðu og Gagnasvið Símans þegar kemur að útdeilingu á þeim tengingum sem hafa verið til staðar í Árbæjarstöðinni.

Um talsímaþjónustu Símans gegnir hugsanlega öðru máli, þar sem allir notendur eru frá gamalli tíð tengdir í símstöðvum Símans, auk þess sem auka pláss hefur myndast við það að notendur hafa flust frá Símanum til annarra fjarskiptafyrirtækja. Ekkert óeðlilegt er því við það að Síminn geti boðið nýjum viðskiptavinum upp á heimilissíma, eins og haldið er fram í kvörtun Vodafone. Þar að auki hefur Síminn á sér kvöð um að veita alþjónustu, sbr. 19. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. ¹

PFS lítur svo á að kvörtun Vodafone um brot á jafnræði snúist eingöngu um að talsímaþjónusta Vodafone sem og gagnaflutningsþjónusta eigi að sitja við sama borð

og Gagnasvið Símans þegar kemur að útteilingum á þeim línnum sem voru til staðar eða eru enn til staðar í Árbæjarstöð.

Hvað varðar þá útteilingu á línnum sem kom til framkvæmda þann 22. janúar 2004 þegar Síminn úthlutaði 200 línnum til Gagnasviðs Símans og 150 línnum til Vodafone og Firstmile, sé hugsanlega brot á jafnræði, þá má ekki túlka jafnræðishugtakið það þröngt að ekki sé mögulegt að meðhöndla aðila mismunandi, í þessu tilviki með fjölda á úthlutuðum tengingum, svo framarlega sem úthlutunin hafi ekki áhrif á samkeppnisstöðu á markaðinum. Í þeim skilningi að þegar skortur verður á tengingum þá komi það jafnt niður á öllum aðilum á markaði. Ef svo er hins vegar ekki þá getur það bent til að úthlutunin hafi verið röng.

Upplýst er í málinu að óafgreiddar pantanir um aðgang að tengingum í Árbæjarstöð liggja nú fyrir frá Vodafone sem og Gagnasviði Símans. Hins vegar liggur ekki fyrir hversu mikið af úthlutuðum tengingum eru enn ónotaðar hjá Símanum eða Vodafone. Ef rétt hefur verið staðið að úthlutun tenginga til fjarskiptafyrirtækja í Árbæjarstöð þá ættu fyrirtækin því sem næst að klára uppsettar tengingar á svipuðum tíma og hvorugt fyrirtækið ætti að vera í stakk búíð til að taka inn nýja viðskiptavinum, t.d. í ADSL þjónustu. Ef svo er hins vegar ekki, bendir það til þess að Síminn hafi úthlutað Gagnasviði Símans tengingum umfram þarfir og þá á kostnað annarra fjarskiptafyrirtækja, sem Síminn er skyldugur að veita þjónustu samkvæmt sömu skilmálum og gæðum og þeirra eigin deildum. Ef sú er raunin þá eru að mati PFS aðeins þrjár leiðir færar til að leiðrétta þennan mismun og tryggja að fyrirtækin séu í sömu stöðu. *Í fyrsta lagi* að endurúthluta Vodafone hluta af lausum tengingum Gagnasviðs Símans. *Í öðru lagi* að tengja viðskiptavinum Vodafone tímabundið með lausum tengingum Gagnasviðs Símans, ef slíkt er tæknilega mögulegt. *Í þriðja lagi* að setja upp þá bráðabirgðatengigrind sem Vodafone heldur fram að sé möguleg eða einhverja aðra sambærilega lausn sem tryggir að Vodafone og Síminn geti veitt viðskiptavinum sínum sambærilega þjónustu.

Krafa Símans um þátttöku í kostnaði við stækkun Árbæjarstöðvar

Síminn hefur sett fram kröfu um að Vodafone taki þátt í kostnaði við fyrirhugaða stækkun á Árbæjarstöð með vísun til 3. mgr. 25. gr. fjarskiptalaga. Að mati PFS verður krafa um skiptingu kostnaðar eins og hér stendur á ekki reist á 3. mgr. 25. gr. fjarskiptalaga. Í 25. gr. fjarskiptalaga er verið að fjalla um samhýsingu eða annars konar samnýtingu á afréttum, almenningum, eignarlöndum eða þegar fjarskiptafyrirtæki hefur tekið land eignarnámi, sbr. 70. gr. fjarskiptalaganna. Ekkert af þeim tilvikum á við hér.

Þá hafa engin gögn verið lögð fyrir PFS sem sýna að Vodafone eða önnur fjarskiptafyrirtæki hafi tekið þátt í sambærilegum kostnaði og nú stendur til að leggja út í við stækkun símsstöðvarinnar í Árbæ. Að mati PFS hefur ekkert komið fram sem styður kröfu Símans um þátttöku Vodafone í kostnaði við stækkun Árbæjarstöðvarinnar.

Kröfu Símans um að Vodafone taki þátt í kostnaði við fyrirhugaða stækkun símsstöðvarinnar er vísað frá að svo stöddu.

IV.
Ákvörðunarorð

Landssíma Íslands hf. er skylt, að tryggja að Og fjarskipti hf. geti tekið inn nýja viðskiptavini sem þarfnast tenginga gegnum Árbæjarstöð, eins lengi og með sama fyrirvara og Landsíminn getur tekið inn nýja viðskiptavini.

Kröfu Landssíma Íslands hf. um að Og fjarskipti hf. taki þátt í kostnaði vegna viðbyggingar við Árbæjarstöð er vísað frá að svo stöddu.

Póst- og fjarskiptastofnun, 23. júlí 2004